

10. MAÍ  
2024

HARPA  
ELDBORG

# Arnheiður syngur Grieg

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverka.

---

## Tímalengd verka

Konsert 25´

Sönglög 12´

Sinfónía 30´

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum Hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Arnheiður syngur Grieg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. MAÍ KL. 19:30

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Thomas Søndergård

hljómsveitarstjóri

### Jesper Busk Sørensen

einleikari

### Arnheiður Eiríksdóttir

einsöngvari

## Bo Holten

Concerto Lírico (2023)  
fyrir básúnu og hljómsveit  
Variazioni  
Scherzo  
Epilogo

## Edvard Grieg

Þrjú einsöngslög  
Våren (1880)  
Fra Monte Pincio (1870)  
Jeg elsker dig (1864)

Hlé

## Jean Sibelius

Sinfónía nr. 6 í d-moll, op. 104 (1923)  
Allegro molto moderato  
Allegretto moderato  
Poco vivace  
Allegro molto

Þýðingar á söngtextum má finna á bls. 11-12

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Thomas Søndergård

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Danski hljómsveitarstjórinn Thomas Søndergård var í júlí 2022 útnefndur eftirmaður Osmos Vänskä sem tónlistarstjóri og stjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar og gegnir hann sömu stöðu hjá Konunglegu skosku þjóðarhljómsveitinni. Frá 2012–2018 var hann aðalhljóm-sveitarstjóri BBC þjóðarhljómsveitarinnar í Wales og þar á undan var hann aðalhljómsveitarstjóri og tónlistarráðgjafi Norsku útvarpshljómsveitarinnar.

Meðal þekktara hljómsveita sem hann hefur unnið með eru Berlínarfílharmónían, Mahler-kammerhljómsveitin, Gewandhaushljómsveitin í Leipzig, Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC) og Franska þjóðarhljómsveitin. Þá hefur hann stjórnað mörgum helstu hljómsveitum í Skandinavíu. Vestanhafs hefur hann meðal annars unnið með sinfóníuhljómsveitunum í Chicago, Cleveland, Cincinnati, Montreal, Toronto og Vancouver sem og Sinfóníuhljómsveitinni í Sydney í Ástralíu og Nýsjálensku sinfóníunni.

Thomas Søndergård þreytti frumraun sína í Konunglegu dönsku óperunni sem stjórnandi óperu Pouls Ruders *Réttarhöldin* eftir sögu Franz Kafka og hefur síðan þá stjórnað þar fjölmörgum óperusýningum. Þá hefur hann stjórnað við Norsku óperuna, Konunglegu sænsku óperuna, Ríkisóperuna í Stuttgart og við Þýsku óperuna í Berlín stjórnaði hann frumflutningi á óperunni *Edward II* eftir svissneska tónskáldið Andrea Lorenzo Scartazzini.

Nú í apríl var Søndergård í fyrsta sinn gestur Fílharmóníu-hljómsveitarinnar í New York og stjórnaði meðal annars bandarískum frumflutningi á verki austurríska tónskáldsins Olgu Neuwirth *Keyframes for a Hippogriff* fyrir hljómsveit, kontratenór og barnakór.



# Jesper Busk Sørensen

## EINLEIKARI

Danski básúnuleikarinn Jesper Busk Sørensen ólst upp í bænum Grenå sem liggur nálægt Árósum. Þar stundaði hann tónlistarnám við Konunglega tónlistaháskólann hjá Niels-Ole Bo Johansen, Rolf Sandmark og Jesper Juul. Árið 2002 hóf hann atvinnuferil sinn sem 2. básúnuleikari í Sinfóníuhljómsveit Árósa og vann sig síðar upp í 1. sætið. Hann stundaði frekara nám hjá Michael Mulcahy básúnuleikara Chicago-sinfóníunnar í Northwestern University í Evanston í Illinois-fylki. Árið 2009 tók hann við stöðu 2. básúnuleikara í Fílharmoníuhljómsveit Berlínar.

Sørensen leikur með Danska básúnukvartettinum og hefur með honum frumflutt mörg nútímaverk. Þá kennir hann við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og hefur í þriggja verið fulltrúi Berlínarfílharmoníunnar á PMF (Pacific Music Festival) sem er alþjóðleg akademía og haldin er árlega í borginni Sapporo í Japan. Hefur hann komið þar fram með málmblasturssveit hljómsveitar sinnar og sem kennari.

Jesper Busk Sørensen hafði frumkvæði að tilurð þessa nýja Básúnukonserts sem tónskáldið Bo Holten gaf heitið *Concerto Lírico*. Var konsertinn frumfluttur í Musikkens Hus í Álaborg (Ålborg) 29. febrúar síðastliðinn. Fór Jesper Busk Sørensen með einleikshlutverkið en með honum lék Sinfóníuhljómsveit Álaborgar og líkt og í kvöld stjórnaði Thomas Søndergård flutningnum. Hljómar verkið nú í annað sinn á tónleikum kvöldsins hér í Eldborgarsal Hörpu.



# Arnheiður Eiríksdóttir

## EINSÖNGVARI

Mezzósópransöngkonan Arnheiður Eiríksdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og bakkalárgráðu frá Listaháskólanum í Vínarborg. Þar stundaði hún einnig meistaranám þar til henni bauðst að gerast meðlimur í óperustúdíói Kölnaróperunnar.

Arnheiður hefur verið fastráðin sem einsöngvari við Þjóðaróperuna í Tékklandi síðan í ágúst 2020 og hefur þar meðal annars farið með titilhlutverkið í *Rósariddara* Richards Strauss (*Rosenkavalier*), hlutverk tónskáldsins í óperu hans *Ariadne auf Naxos*, Rosinu í *Rakaranum frá Sevilla* eftir Rossini, Cherubino í *Brúðkaupi Fígarós* og Dorabellu í *Così fan tutte* eftir Mozart, Stephano í *Rómeo og Júlíu* eftir Gounod, Kuchtík í óperu Dvořáks *Rusalka* og Varvöru í *Kát'a Kabanová* eftir Janáček. Fyrir túlkun sína á *Rósariddaranum* var hún valin söngkona ársins í Tékklandi og tilnefnd til gagnrýnendaverðlaunanna fyrir leik ársins 2022.

Arnheiður þreytti frumraun sína hjá Íslensku óperunni sem Hans í óperunni *Hans og Gréta* eftir Humperdinck 2018 og vakti þar nýlega athygli fyrir túlkun sína á hlutverk Suzuki í *Madama Butterfly* eftir Puccini. Sem gestasöngvari hefur hún einnig sungið við Þjóðaróperuna í Bergen í Noregi, Daegu-óperuhúsið í Suður-Kóreu og við Kölnaróperuna.

Í Tékklandi hefur Arnheiður komið fram sem einsöngvari með Suður-bæheimsku fílharmóníunni í Budweis (České Budějovice), Kammerfílharmóníu Pardubice, Fílharmóníu Bohuslav Martinu í Zlín en einnig Gürzenich hljómsveitinni í Köln og EinKlang-fílharmóníunni í Münster. Þá hefur hún sungið *Les nuits d'été* eftir Berlioz með Silesísku fílharmóníunni í Katovice. Á þessu starfsári bíða hennar tónleikar með Tékknesku fílharmóníunni og Fílharmóníuhljómsveitinni í Prag.



### Tónlistin á Íslandi

Flutningur kvöldsins á Concerto Lírico er sá fyrsti síðan hann var frumfluttur í febrúar 2024 og er Bo Holten viðstaddur tónleikana í Eldborg í kvöld.

# Bo Holten


## CONCERTO LÍRICO

Bo Holten (f. 1948) er danskt tónskáld og kórstjóri. Hann hefur verið aðalstjórnandi dönsku söngsveitanna Ars Nova og Musica Ficta sem og gestastjórnandi hjá BBC Singers á Bretlandi. Þá var hann aðalstjórnandi Flæmska útvarpskórsins (Vlaams Radio Koor) í Brüssel til ársins 2012. Hann hefur samið á annað hundrað tónverk, þar á meðal 6 óperur, 2 söngleiki, 2 sinfóníur og 5 einleikskonserta. Þá hefur hann samið tónlist við nokkrar kvikmyndir, þar á meðal kvikmynd Lars Von Trier *Forbrydelsens Element* (1984).

Konsertinn pantaði einleikarinn Jesper Busk Sørensen með sérstakri ósk: „skrifaðu eitthvað ljóðrænt, ekkert framúrstefnulegt (avant-garde).“ Hann var þeirrar skoðunar að nóg væri til af nútímalegum konsertum fyrir básúnu en á listann vantaði verk þar sem mykt og syngjandi hliðar hljóðfærisins fengju betur notið sín.

Bo Holten sem er þekktur fyrir kórverk sín og laga-útsetningar tók verkefninu fagnandi og segir að margt sé líkt með því að skrifa fyrir málmblásturshljóðfæri og söngvara. Í þessu tilfelli þyrfti hann þó ekki að hafa áhyggjur að því að hljómsveitin yfirgnæfi sólistann.

Allir þrjú kaflar konsertsins eru byggðir á upphafsstefinu en danska þjóðlagið *Jeg kan se på din Øjne* laumaði sér inn í sköpunarferlið. Tónskáldið skýrir þetta þannig: „lagið vildi vera með og því tókst það, kannski í meira mæli en það átti að gera“. Fyrsta ljóðlínan hljóðar svo: „Ég sé í augum þínum, að þú elskar einhvern annan“. Í þessu samhengi endar konsertinn heldur dapurlega...



# Edvard Grieg

## ÞRJÚ SÖNGLÖG

Edvard Grieg (1843-1907) fæddist í Björgvin (Bergen) í Noregi. Faðir hans, Alexander, var konsúll Breta í bænum og móðirin, Gesine Hagerup sem var stórættuð, hafði stundað tónlistarnám í Hamborg. Hjá henni hlaut sonurinn sína fyrstu tónlistarmenntun frá sex ára aldri. Fyrir atbeina fiðlusnillingsins Ole Bull innritaðist Grieg aðeins 15 ára gamall í Tónlistarháskólann í Leipzig þar sem arfleifð Mendelssohns og Schumanns sveif yfir vötnunum. Síðar átti hann eftir að hitta Clöru Schumann og önnur áberandi mikilmenni í tónlistarheimi þessa tíma, þar á meðal Franz Liszt og Johannes Brahms.

Árið 1863 fór Grieg til Kaupmannahafnar þar sem hann kynntist landa sínum, tónskáldinu og þjóðernissinnanum Rikard Nordraak; „Hjá honum kynntist ég í fyrsta sinn þjóðlögum heimalands míns“ sagði Grieg síðar.

Hann giftist frænku sinni, söngkonunni Ninu Hagerup 1867 og varð hún þekktasti flytjandi sönglaga manns síns enda öll lögín samin fyrir hana. Nina Grieg var engin afburðasöngkona en hafði hæfileika til að túlka innsta kjarna ljóðanna sem hún flutti. Um það bil 170 söngvar Griegs bera vott um um ríkulega gáfu til lagasmíða og hann átti hægt með að líkja eftir einfaldleika þjóðlagsins í frumsömdum lögum eins og lögín þrjú á efnisskrá kvöldsins bera vitni.

Í kvöld hljóma lögín í öfugri tímaröð. Það fyrsta, *Våren* eða *Vorið*, samdi Grieg við ljóð Aasmunds Olavson Vinje í maí 1880 og tilheyrir það lagaflokki sem hann nefndi *12 Melodier*. Í næsta lagi er Bjørnstjerne Bjørnson staddur í Rómarborg og yrkir um hæðina *Monte Pincio*. Ljóðið tónsetti Grieg og birti í lagaflokknum *Romancer* árið 1870. Þriðja og elsta lagið er *Jeg elsker dig* frá 1864 og er úr ljóðaflokknum *Hjertens Melodier* við ljóð Hans Christians Andersen.

### Tónlistin á Íslandi

Sönglag Griegs, *Jeg elsker dig*, hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands en sópran-söngkonan Barbara Bonney söng hin lögín tvö með hljómsveitinni á tónleikum í Háskólabíói í september 2006.

Stjórnandi var Andrew Grams. Þá hefur *Våren* (*Vorið*) í tvígang hljómað í hljómsveitarútsetningu höfundarins, fyrst í þjóðleikhúsinu í október 1952 og svo í Garðakirkju í sama mánuði 1968. Í bæði skiptin voru það Norðmenn sem stjórnðu flutningnum - í fyrra skiptið Olav Kielland og því síðara Sverre Bruland.





# Jean Sibelius

## SINFÓNÍA NR. 6

Árið 1922 var fyrir margar sakir afdrifaríkt fyrir hinn 56 ára gamla Jean Sibelius (1865–1957) og skiptust á skin og skúrir. Um sumarið varð hann fyrir stóru höggi. Í dagbókarfærslu skrifar Sibelius: „Þann 2. júlí dó minn ástkæri bróðir Christian... - hann var dásamleg manneskja og bróðir“. Um aðeins tveggja mánaða skeið hafði Sibelius verið kunnugt um ólæknandi blóðleysi yngri bróður síns. Hann lifði í stöðugum ótta og sat löngum yfir sjúkrabeði Kittis eins og Christian var kallaður. Í hönd fór tími hryggðar og vonleysis en um haustið tók Sibelius á sig rögg og lauk á fjórum mánuðum við 6. símfóníuna. Dauði bróðurins hafði á einhvern hátt gefið honum nýjan kraft og kjark og í október skrifar hann í dagbók sína: „Vann í dag - og skynja fyllingu lífsins og mikilfengleik listar minnar“.

Fyrstu drög að verkinu ná allt aftur til ársins 1914 þegar Sibelius vann að fimmtu símfóníunni. Upphaflega átti sú sjötta að verða hamslaus og tilfinningaþrungið með ofsafengnum lokakafla en þessar áætlanir breyttust í sköpunarferlinu. Lýsti tónskáldið símfóníunni síðar sem rólegri í megindráttum enda er yfirbragð hennar í heild bjartara en í hinum símfóníunum og laus við mikil átök. Í verkinu bryddar hann uppá þeirri nýjung að bæta bassa-klarínettu inn í tréblásturshópinn. Þá fær harpan að vera með líkt og í 1. símfóníunni og setur mikinn svip á heildarmyndina.

Í síðustu þremur símfóníum sínum hafði Sibelius sagt skilið við hina hefðbundnu framvindu og skapað sína eigin. Í dagbókarfærslu 1912 skrifar hann: „ég ætla að leyfa tónhugmyndunum og úrvinnslu þeirra að finna sína eigin leið í huga mínum.“ Ellefu árum síðar, í blaðaviðtali eftir flutning á 6. símfóníunni í Stokkhólmi í mars 1923 sagði Sibelius: „Ég hugsa ekki um símfóníu sem tónlist uppá svo og svo marga takta heldur sem tjáningu andlegrar sannfæringar, þess sem bærast innra með manni á hverjum tíma.“

### Tónlistin á Íslandi

Sjötta símfónía Sibelíusar hljómaði síðast í meðföllum Símfóníuhljóm-sveitar Íslands fyrir nær réttum 7 árum, nánar tiltekið 11. maí 2017 hér í Hörpu. Stjórnandi var Finninn John Storgárds. Haustið 2008 var símfónían tvisvar sinnum leikin opinberlega, fyrst á opinni æfingu og svo á aukatónleikum í aðdraganda Japansferðar sem ekki var farin. Í öll þessi skipti stóð Petri Sakari hljómsveitarstjórapallinum. Hann á einnig heiðurinn af fyrsta flutningi 6. símfóníunnar á Íslandi í Háskólabíói 5. febrúar 1998. Stuttu síðar var hún svo hljóðrituð fyrir Naxos-útgáfuna undir hans stjórn.

Þó að símfónían sé sögð vera í d-moll er tóntegund hennar í raun dórísk (hvítu nóturnar á hljómborði frá D til D). Hún hefst á hægum inngangi, kyrrlátu stefi í strengjum sem minnr á sálm og síðan bætast hin hljóðfærin smám saman í hópinn. Meginhluti kaflans hefur gáskafullt yfirbragð þar sem stefin koma fyrir aftur og aftur en í breyttri mynd hverju sinni. Undir lok hans, með innkomu hornanna, breytist andrúmsloftið og tónlistin verður þenkjandi. Þessi stemning heldur áfram í næsta kafla en gjörbreytist og tekur á sig glaðværa mynd í aðdraganda þriðja kaflans sem er eins konar gletta þar sem hljómsveitarútfærslan er glæsileg og tónaflóðið æðir fram af óstöðvandi krafti frá upphafi til enda. Byrjun lokakafans minnr á tónlist endurreisnartímans en í framvinduinni gefur að heyra kunnugleg stef, einkum úr fyrsta þætti símfóníunnar, þó með efnis- og tilkomumeiri áferð.

Sjötta símfónía Sibelíusar er stundum kölluð „öskubuskan“ í röð hljómkviða hans vegna þess hversu sjaldan hún hefur ratað inn á efnisskrár símfóníuhljómsveita. Þetta meistaraverk á tvímælaust betra skilið því að það er með afbrigðum innihaldsríkt og ber í miklum mæli vott um frumleika og sérstöðu tónskáldsins sem eins mesta meistara símfóníska formsins.

Jean Sibelius stjórnaði sjálfur Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki við frumflutning sjöttu símfóníunnar þann 19. febrúar 1923.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

## VÅREN

Enno ein Gong fekk eg Vetren á sjá  
for Våren á røma;  
Heggen med Tre som der Blomar var på,  
eg etter såg bløma.  
Enno ein Gong fekk eg Isen á sjá  
frå Landet á fljota,  
Snjoen á brána og Fossen i Å  
á fyssa og brjota.  
Graset det grøne eg enno ein Gong  
fekk skoda med Blomar;  
enno eg hørde at Vårfuglen song  
mot Sol og mot Sumar.

Eingong eg sjølv i den vårlege Eim,  
som mettar mit Auga,  
eingong eg der vil meg finna ein Heim  
og symjande lauga.  
Alt det, som Våren imøte meg bar  
og Blomen, eg plukka,  
Federnes Ånder eg trudde det var,  
som dansa og sukka.  
Derfor eg fann millom Bjørkar og Bar  
i Våren ei Gåta;  
derfor det Ljod i den Fløyta eg skar,  
meg tykktes å gråta.

*Aasmund Olavsson Vinje*

## VORIÐ

Enn eitt sinn fékk ég að sjá veturinn  
rýma til fyrir vorinu;  
hegginn, hið blómskrýdda tré,  
sá ég blómstra að nýju.  
Enn eitt sinn fékk ég að sjá ísinn  
fljóta frá landi,  
snjóinn bráðna og fossinn í ánni  
fossa og brjótast fram.  
Grasið græna fékk ég enn eitt sinn  
að líta blómum prýtt;  
enn eitt sinn heyrði ég að vorfuglinn söng  
við sól og við sumri.

Einhverntíma í vorþokunni  
sem seður auga mitt,  
einhverntíma bý ég mér sjálfur þar stað  
og lauga mig syndandi.  
Allt það sem vorið færði mér  
og blómin sem ég las  
fannst mér vera andar feðranna  
sem dönsuðu og andvörpuðu.  
Þessvegna fann ég milli birkis og barrtrjáa  
að vorið var gáta;  
því var það að hljóðið í flautunni sem ég skar  
heyrðist mér gráta.

## FRA MONTE PINCIO

NOCTURNE

Aftenen kommer, Solen står rød,  
farvende Stråler i Rummet henskyllte  
Lyslængslens Glands i uendelig Fylde,  
Fjeldet forklares som Åsyn i Død.  
Kuplerne gløde, men længere borte  
Tågen langs Markernes blålige Sorte  
vugger opover som Glæmmeselen før,  
over hin Dal dækker tusind Års Slør.  
Aftenen, hvor rød og varm,  
blusser af Folkelarm,  
glødende Hornmusik,  
Blomster og brune Blik.  
Tankerne stræber i Farver og Toner  
trofast mod det, som forsoner.

Stille det bliver, end dunklere Blå,  
Himmelen våger og venter opunder  
Fortid som blunder og Fremtid som stunder,  
usikre Blus i det rugende Grå.  
Men det vil samle sig: Roma fremstige  
lystændt en Nat for Italiens Rige,  
Klokkerne kime, Kanonerne slå,  
Minderne flamme på Fremtidens Blå.  
Yndig om Håb og Tro,  
op mod Nygifte To  
jubler en Sanger til  
Cithar og Fløjtespil.  
Stærkere Længsler få barnesød Hvile,  
mindre tør vågne og smile.

*Bjørnstjerne Bjørnson*

## JEG ELSKER DIG

Min Tankes Tanke ene Du er vorden,  
Du er mit Hjertes første Kærlighed,  
Jeg elsker Dig, som Ingen her paa Jorden,  
Jeg elsker Dig i Tid og Evighed!

*Hans Christian Andersen*

## FRÁ MONTE PINCIO

NÆTURLJÓÐ

Kvöldið nálgast, sólin er rauð,  
litfagrir geislar hella inn í herbergið  
dýrð ljósprárinnar í óendanlegri gnótt,  
fjallið uppljómast eins og ásynd í dauða.  
Hvolfþökin glóa, en lengra í burtu  
vaggast þokan yfir bláleitum sorta  
engjanna eins og gleymskan gerði áður,  
blæja árbúsunda þekur dalinn.  
Kvöldið, rautt og heitt,  
logar af ys og þys í fólki,  
glóandi hornahljómi,  
blómum og brúnum augnatillitum.  
Hugurinn leitar í litum og hljómunum  
staðfastlega að því sem friðþægir.

Það hljóðnar, bláminn verður ennþá myrkari,  
himinninn vakir og bíður eftir  
fortíð sem sefur og framtíð sem þráir,  
ótryggum blossom í þrjúgandi gráma.  
En þeir munu safnast saman: Róm stígur  
í ljóshafi um nótt fram fyrir Ítalíuríki,  
klukkurnar hringja, fallbyssurnar drynja,  
minningarnar loga í bláma framtíðar.  
Söngvari syngur blíðlega  
um von og trú  
fyrir nýgifta parið  
með undirleik sívars og flautu.  
Sterkari langanir fá að sofa barnslegum svefni,  
þær minni háttar voga sér að vakna og brosa.

## ÉG ELSKA ÞIG

Þú ert orðin eina hugsun minnar hugsunar,  
þú ert fyrsta ást hjarta míns,  
ég elska þig sem engan hér á jörðu,  
ég elska þig um tíma og eilífð.

*Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson*

# Á döfinni

16.05 FIMMTUDAGUR  
Kl. 20:00

---



## Una Torfa og Sinfó

Una Torfadóttir hefur einstakt lag á að tengja saman sannleika, hversdagsleika, ást og tónlist. Allir sem hlusta dragast inn í einstakan tónheim Unu sem kom eins og sprenging inn í íslenskt tónlistarlíf árið 2022 þegar hún sendi frá sér plötuna Flækt og týnd og einmana. Hver smellurinn á fætur öðrum hefur náð miklum vinsældum og þar nægir að nefna lögin Fyrirverandi, Þú ert stormur og En. Á tónleikunum flytja Una og Sinfóníuhljómsveit Íslands nýjar útsetningar af mörgum hennar vinsælustu lögum ásamt efni af væntanlegri breiðskífu. Einnig verða flutt nokkur af upphaldslögum Unu sem hafa fylgt henni í gegnum tíðina.

Una hlaut Kraumsverðlaunin fyrir plötuna sína "Flækt og týnd og einmana". Hún var einnig tilnefnd sem nýliði ársins á Hlustenda-verðlaununum 2023 og vann söng ársins í flokknum popp-, rokk, hiphop- og raftónlist á Íslensku Tónlistarverðlaununum sama ár.

24.05 FÖSTUDAGUR  
Kl. 19:30

---



## Johan Dalene leikur Korngold

„Ein besta fiðlufrumraun áratugarins,“ sagði gagnrýnandi BBC Music Magazine um fyrsta geisladisk Johans Dalene, sænska fiðlusnillingsins sem er aðeins 22 ára að aldri en hefur þegar lagt tónlistarheiminn að fótum sér

Á þessum tónleikum leikur Dalene hinn glæsilega fiðlukonsert Korngolds, hrífandi verk sem sýnir allar bestu hliðar einleikarans. Korngold var í aðra röndina kvikmyndatónskáld og má segja að frásagnargáfa og litadýrð fiðlukonserts hans gefi hinum myndræna miðli ekkert eftir þegar kemur að því að örva ímyndunaraflið. Konsert Bartóks fyrir hljómsveit er sömuleiðis innblásið verk sem reynir á hvern einasta hljóðfæraleikara sveitarinnar og spannar allt frá tregablandinni angurværð til æsilegra danskafla. Upphafsverk tónleikanna býr einnig yfir hugmyndaauðgi og fjöri, en það er konsertforleikur Samuels Barber, saminn fyrir leikrit Richards Brinsley Sheridan, The School for Scandal, þegar tónskáldið var enn við nám.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiöla

Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Pétur Björnsson  
Laufey Jensdóttir  
Lin Wei  
Andrzej Kleina  
Geirprúður Ása  
Guðjónsdóttir Skelton  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. fiöla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Justyna Bidler  
Joanna Bauer  
Kristján Matthíasson  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þorfiris  
Þórarinn Már Baldursson  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Svava Bernharðsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnhildur Marta  
Guðmundsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Urh Mrak

## Bassi

T.C. Fitzgerald  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason  
Jacek Karwan

## Flauta

Astrid Bjelland  
Áshildur Haraldsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Grímur Helgason  
Birkir Örn Hafsteinsson  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manaud  
Bryndís Þórsdóttir

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjørn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Maximilian Riefellner

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## Bassabásúna

David Bobroff

## Harpa

Katie Buckley

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Jökull Torfason  
*verkefnastjóri dagskrágerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvit Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tækniamaður*


Miðar fást á [berjadagar.is](http://berjadagar.is) og [tix.is](http://tix.is)

Frítt fyrir 18 ára og yngri

Music Festival Ólafsfjörður

# Berjadagar

14.-17. júní 2024



Sjáumst á Berjadögum!



Íslenski hljómáttáráðgjafi



nátúra · listaköpun  
creativity · innovation



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Mahler nr. 3

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK  
ELDBORG | 6. JÚNÍ | KL. 19:30

Þriðja sínfónía Mahlers er heill heimur út af fyrir sig. Hún er í senn óður til náttúrunnar og djúphugul, heimspekileg könnun á mannlegu hlutskipti. Verkið er einkar aðgengilegt og ekki laust við að hlustandinn láti berast með sama straumi og Mahler forðum. Þetta stórvirki Mahlers krefst óvenjustórrar sínfóníuhljómsveitar, þriggja kóra og einsöngvara en með einsöngshlutverkið fer hin þýska Christina Bock. Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar, stjórnar flutningnum.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS